# Re: Hlíðarvegur 15

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir |
| **Frá** | : | Andri Andrésson <andri@tripoli.is> |
| **Heiti** | : | Re: Hlíðarvegur 15 |
| **Málsnúmer** | : | 2201461 |
| **Málsaðili** | : | Fagsmíði ehf. |
| **Skráð dags** | : | 09.02.2022 10:38:13 |
| **Höfundur** | : | Andri Andrésson <andri@tripoli.is> |

**Viðhengi** 135-Hlíðarvegur_aa.pdf

Sæl Hildur

Meðfylgjandi er að finna uppfærðar teikningar þar sem brugðist hefur verið við athugasemdum frá 26. jan.

Ásta og Gunnar, eigendur lóðarinnar, eru komin með A3 uppdrætti í hendurnar og eru eftir því sem ég best veit að safna undirskriftum.

Varðandi atriði 3 og 4 í póstinum frá 26 jan. þá var settur sá fyrirvari á fyrirspurna að ekki var um endanlegar teikningar væri að ræða, heldur frumdrög sem myndu taka breytingum eðli málsins samkvæmt.

Eftir að jákvæð umsögn barst var haldið áfram að þróa húsið m.t.t. arkitektóníkra sjónarmiða og skv. óskum verkkaupa, sem voru m.a. rúmgóðar og sveigjanlegar íbúðir, stórar yfirbyggðar svalir, stórir gluggar til suðurs ofl. Þar að auki þurfti að stilla af allar tröppur og lyftu sem, eins og vill oft verða, stækka í meðförum aðaluppdrátta. Við þessa vinnu breyttist lögun, ásýnd og staðsetning hússins lítillega en niðurstaðan var þó mun betri íbúðir og mun betra hús, þó að ef til vill sé minna eða annarskonar “uppbrot” í massanum þegar eingöngu er litið á afstöðumynda.

Með tilliti til eldvarna var haft til hliðsjónar að fara ekki nær lóðamörkum en 3m. Nokkrir sentimetrar til eða frá í þeim efnum eru óverulegir svo lengi sem eldvarnarsjónarmið eru uppfyllt. Til að mæta kröfu um uppbrot var gripið til þess ráðs að vinna með inndregnar svalir, að framanverðu, skyggni og skorsteinn setja einnig skemmtilegan blæ á ásýndina ásamt því að veggfletir eru brotnir upp með láréttum línum til "létta” ásýndina og lækka húsið sjónrænt.

Niðurstaðan er kannski ekki þessi týpíska nýbygging þar sem gluggasetning er fremur tilviljunarkennd og óróleg, málmklæðningar marglita og forsteyptar svalir með galvaniserað járnhandrið hanga utan á húsinu. Heldur er um frekar rólegt og yfirvegað steinsteypt hús að ræða, kannski örlítið af gamla skólanum en með nútímalegu yfirbragði, sem fellur vel inn í þetta rótgróna og fallega umhverfi sem Hlíðarvegurinn bíður upp á.

Ég vona að þetta svari spurningunum.
Ef eitthvað er óljóst eða vantar upp á þá ekki hika við að heyra í mér.

Bestu kveðjur
Andri

Skjal sótt af '00000000' dags: 20.08.2026

**Andri Gunnar Lyngberg Andrésson**
Arkitekt ETH / FAÍ
andri@tripoli.is
+ 354 867 2867

**TRÍPÓLÍ**
Skólavörðustígur 16 // 101 Reykjavík // Iceland
+ 354 519 2930
www.tripoli.is

On 26 Jan 2022, at 13:28, Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir <hildur.ros@kopavogur.is> wrote:

Sæll Andri

Byggingarfulltrúi hefur vísað erindi ykkar varðandi Hlíðarveg 15 til okkar á skipulagsdeild.
Til að geta tekið það fyrir á skipulagsráði vantar eftirfarandi:
Endilega vertu í bandi ef eitthvað er óljóst.

1. Undirritun lóðarhafa Hlíðarvegar 13 - því sorpgeymsla liggur að sameiginlegum lóðarmörkum.
2. Útskýring á minnkun á uppbroti í útliti byggingarinnar - ráðið leit jákvætt á tillögu 2.. sérstaklega vegna útlitisins (uppbroti í byggingarkrop)
   (Drög 2)
3. Rök fyrir að húsið liggur nær lóðarmörkum nr 17 .. þegar litið er á fyrirspurnina vr.2
4. Skuggavarp - álíka og þið gerður fyrir fyrirspurnina
5. Sneiðing AA þyrfti að innihalda Hrauntungu 24

Næsti fundur er 31. Janúar - ef þetta á að fara fyrir þann fund þurfa gögnin að vera komin síðasta lagi á fimmtudaginn.

Kveðja

**Hildur Inga Rós**
Arkitekt
Umhverfissvið | skipulagsdeild
441 2614 | hildur.ros@kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

Fyrirvari/disclaimer

Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.08 2026